

Lög um löggilding verzlunarstadar á Hjalteyri við Eyyjafjörð, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 38, bls. 154—155).

Lög um löggilding verzlunarstadar við Hallgeirsey í Rangárvallasýslu, undirskrifuð af konungi s. d. (A. nr. 39, bls. 156—157).

Auglýsing um að hinum innlendu innleysanlegu ríkisskuldabryjefum með 3½ hundruðustu í vöxtu, er gefin voru út samkvæmt lögum 12. nóvember 1886, sje sagt upp til útborgunar 11. marz 1898, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 24. desember 1897 (A. nr. 40, bls. 158—159).

Auglýsing, er fellir úr gildi ráðstafanir þær, er fyrirskipaðar eru til varnar gegn því að næmir sjúkdómar flytjist til Íslands frá Marseille, höfnum við Svartahafid og höfnum annarsstadar í Litluasíu og á Sýrlandi, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 30. s. m. (A. nr. 41, bls. 160—161).

- 1** **Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um eptirlaun prestsökkju.** —
 14. jan. Með þoknanlegu brjefi, dagsettu 14. f. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, sent mjer erindi nokkurt frá Guðlaugi sýslumanni Guðmundssyni, þar sem hann fyrir hönd prófastsökkju Solveigar Einarasdóttur á Kálfafelli í Fljótshverfi fer fram á það, að hún fái eptirlaun þau, sem henni bera, greidd úr landssjóði frá 6. júní 1896 og þaðan af samkvæmt lögum nr. 36 frá 13. desember 1895, þar sem nefuð eptirlaun allt til fardaga 1896 voru greidd af hinu fyrverandi Kirkjubæjarklaustursprestakalli, sem út af fyrir sig sje ekki metið á 1200 kr.

Í sambandi við þetta takið þjer það fram, að Solveig Einarasdóttir sje ekkja eptir Jón prófast Sigurðsson, sem 23. október 1877 hafi fengið veiting fyrir Kirkjubæjarklaustursprestakalli, er hann hafi þjónað frá næstu vordögum, til þess er hann andadist síðast á árinu 1883. 1878 losnaði Kálfafell í Fljótshverfi og var auglýst laust 2. septbr. s. á. (Stj.tíð. 1878 B. bls. 120), og með því að enginn hafi sótt um braudið, og farið hefði verið um það leyti að ráðgera sameining þess við Kirkjubæjarklaustursprestakall, hafi síra Jón prófastur Sigurðsson í Kirkjubæjarklaustursprestakalli með landshöfðingjabrjefi 24. maí 1879 (Stj.tíð. 1879, B. bls. 77) verið settur til að þjóna Kálfafellssókn með sínu eigin braudi. Með prestakallalögnum 27. febrúar 1880 voru prestaköll þessi sameinuð til fulls, og frá fardögum 1881, þegar lögin gengu í gildi, og til daudadags eða í nærfellt 2½ ár, teljið þjer Jón prófast Sigurðsson hafa verið reglulegan skipaðan prest í þessu sameinaða prestakalli, og takið þjer það fram, að samkvæmt þessu fáið þjer eigi betur sjeð, en að ekkja hans hafi átt tilkall til náðarárs og eptirlauna af hinu sameinaða prestakalli, og að eptirlaunin hafi eptir tilskipun 15. desbr. 1865, 5. gr., átt að vera 1/10 af vissum tekjum prestakallsins, sem eptir þágildandi mati var í flokki betri meðalbrauda. Um sameining hinna áminntu brauda takið þjer það að öðru leyti fram, að ekkert sje fram komið, er sýni að Jón prófastur Sigurðsson hafi varnað því eða haft neitt á móti því, að hin ákveðna fullkomna sameining færi fram eptir lögnum í fardögum 1881, og teljið, þjer ákvæði laganna í þessu sambandi jafngilda veitingu fyrir viðbótinni við prestakallið, þar sem 2. gr. laganna segi, að hin nýja braudaskipun skuli komast

á svo fljótt, sem því verði við komið, eptir því sem brauðin losni. En þar sem brauðin voru þegar laus (eða annað þeirra) og hlutadeigandi prestur engum mót- 1
mælum hafi hreyft gegn því að ganga að sameiningunni, þá hafi verið eptir 14. jan.
engu að bíða, en með hinnu nýju skipun hafi hin fyrri bráðabirgðaskipun (kon-
stitutionin) hlotið að falla úr gildi.

Samkvæmt þessum skilningi yðar teljið þjer umgetna ekkju eiga eptir-
leiðis sem hingað til efalausán aðgang að Kirkjubæjarklausturspresti með greiðslu
á öllum eptirlaunum sínum, að eins eigi hún þá nokkuð fyllri eptirlaunarjett en hún
til þessa hafi notið. Að því leyti sem það er tekið fram í frammannefudu erindi
Guðlaugs sýslumanns Guðmundssonar fyrir hönd ekkjunnar, að þess hafi eigi
verið getið við síðustu auglýsing hins sameinada brauðs, að nein prestsekkja
væri í brauðinu, þá látið þjer þess getið, að þetta sje eigi rjett hermt, því að
þegar brauðið hafi losnað síðast, hafi það verið auglýst laust 16. marz 1896, og
það jafnframt tekið fram, að prestsekkja væri í brauðinu, er nyti $\frac{1}{10}$ af tekjun-
um, sbr. »Ísafold« 1896, bls. 59.

Með því að jeg verð algjörlega að fallast á skoðun yðar á þessu máli,
getur umrætt erindi eigi orðið tekið til greina.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar
ar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 2
framfærslu þurfamanns. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra 26. jan.
amtmaður, dagsett 22. þ m., um erindi hreppsnefndarinnar í Hvammshreppi í
Vesturskaptafelssýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 8.
marz f. á., er kveður svo á, að þurfalingurinn Ólafur Þórðarson skuli framfær-
ast af Dyrhólahreppi og Hvammshreppi í fjelagi (hinum forna Dyrhólahreppi),
skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frek-
ari birtingar, að, með því að jeg er samþykkur ástæðum þeim; er umgetinn úr-
skurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður.

Úrskurður amtsins.

Jafnframt því að senda mjer erindi hreppsnefndarinnar í Dyrhólahreppi, dags. 28.
des. f. á., með fylgiskjölum, þar sem hún áfrýjar til amtsins úrskurði yðar, velborni herra
sýslumaður, dags. 26. nóv. f. á., sem ákveður, að þurfalingurinn Ólafur Þórðarson skuli fram-
færast af nefndum hreppi, en eigi af þessum hreppi og Hvammshreppi í sameingu eða
hinum forna Dyrhólahreppi, og enn fremur að láta meðfylgja umsögn hreppsnefndarinnar í
Hvammshreppi um áfrýjun þessa, hafið þjer í þóknanlegu brjefi, dags. 20. f. m., lagt þetta
mál undir úrskurð amtsins, sem þá er eins og hjer kemur:

Þá er skiptin á eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins forna Dyrhólahrepps, sem
samkvæmt úrskurði landshöfðingja 28. febr. 1887 (Stjórnartíðindi 1887. B. bls. 44) er skipt
í tvo hreppa, Hvammshrepp og Dyrhólahrepp, fóru fram um fardagaleytið 1888, var auk ann-
ars svo ákveðið, að fyrnefndur Ólafur Þórðarson, þá 11 ára að aldri, skyldi framfærast af
hinum nýja Dyrhólahreppi, og var honum, eða öllu heldur móður hans, ekkjunn Þuríði Ólafs-
dóttur á Steig, lagt ómagameðlag fyrir 1889 honum til framfærslu, en síðar hefir hann eigi